



172 fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, miðvikudaginn 7 desember kl.13.30 hjá Breið þróunarfélagi á Akranesi.

Mætt voru; Guðveig Eyglóardóttir, Líf Lárusdóttir, Ragnar Sæmundsson, Elín Gunnarsdóttir, Sigurður Guðmundsson, Eyjólfur I. Bjarnason, Jakob B. Jakobsson á Teams, Júníana Óttarsdóttir, Sigurbjörg Ottesen. Garðar Svansson sat fundinn sem varamaður Jósefs Kjartanssonar. Auk þess sat fundinn Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri SSV og ritaði jafnframt fundargerð.

Guðveig Eyglóardóttir, formaður SSV, setti fund kl.13.30

1. Fundargerð 171 fundar stjórnar SSV

Formaður lagði fram fundargerð frá 170 fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Stjórn staðfesti fundargerðina.

2. Stuðningur umhverfisráðuneytisins við verkefni á Vesturlandi

Lögð fram kynning á mögulegum verkefnum sem unnin verða með stuðningi umhverfis-orku og loftlagsráðuneytisins á Vesturlandi. Annars vegar er um að ræða aukið fjármagn til áhersluverkefnisins um Flokkun í anda hringrásarhagkerfisins og hins vegar verkefni um sjálfbært atvinnulíf. Stjórn samþykkti að unnið yrði að þessum verkefnum.

3. Staða slökkviliða á Vesturlandi

Á fundi framkvæmdastjóra með oddvitum, bæjar- og sveitarstjórum á Vesturlandi kom fram áhugi á því að skoða tækifæri til aukins samstarfs á milli slökkviliða á Vesturlandi. Stjórn samþykkti að fela framkvæmdastjóra að gera tillögu að vinnuhópi sem myndi skoða tækifæri til aukins samstarfs slökkviliða á Vesturlandi. Auk þess kynnti Jakob B. Jakobsson bókun bæjarráðs Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar um Brunamálasjóð. Stjórn ákvað að taka undir bókunina og samþykkti eftirfarandi:

Stjórn SSV skorar á innviðaráðherra að koma á fót Brunamálasjóði, sem fjármagnaður væri a.m.k. að hluta af byggingaröryggisgjaldi, sbr. fyrirliggjandi gögn, með það að markmiði að efla starfsemi minni slökkviliða landsins, þ.m.t. að styðja við uppbyggingu, framkvæmdir og tækjakaup slökkviliða.

4. Starfsreglur stjórnar SSV

Lagt fram minnisblað um starfsreglur stjórnar SSV og mögulegar breytingar á þeim. Samþykkt var að öll gögn stjórnar yrðu sett á heimasvæði fyrir aðal- og varafulltrúa í stjórn SSV. Auk þess sem dagskrá fundu verði kynnt á heimasíðu SSV og gögn sem lögð eru fram á fundum verði sett sem viðhengi með fundargerðum.

5. Byggðaaáætlun C1

Byggðastofnun hefur opnað fyrir umsóknir í verkefnið C1 undir byggðaaáætlun, en landshlutasamtök getu sótt um styrki í þennan pott varðandi verkefni á svæðum sem búa við fólksfækkun og einhæft atvinnulíf. Stjórn samþykkti að horfa sérstaklega til Dalabyggðar og sunnanverðs Snæfellsness varðandi umsóknir í verkefnið.

6. Samgöngumál

Á undanfögnu hafa verið haldnir fundir á Vesturlandi þar sem Haraldur Benediktsson þingmaður hefur ásamt fleiri aðilum kynnt hugmyndina um samfélagsvegi. Verkefnið gengur út að framkvæmdum við stofn og/eða tengivegi verði flýtt, og kostnaðurinn við flýtimeðferð verði fjármagnaður með veggjöldum. Stjórn tekur undir mikilvægi verkefnisins og hvetur stjórnvöld til þess að skoðaðar verði nýjar fjármögnunarleiðir til þess að flýta megi framkvæmdum við mikilvæga stofn- og tengivegi þar sem ennþá vantar bundið slitlag.

7. Öldrunarþjónusta

Framkvæmdastjóri kynnti að vinnuhópur um eflingu öldrunarþjónustu hefur ráðið Guðjón Brjánsson til að útfæra hugmyndir hópsins um samþættingu öldrunarþjónustu. Guðjón mun hefja störf í desember. Verkefnið er fjármagnað af Sóknaráætlun Vesturlands.

8. Fræðsluferð fyrir sveitarstjórnarfólk af Vesturlandi

Síðastliðin tvö kjörtímabili hefur SSV skipulag fræðsluferð fyrir sveitarstjórnarfólk af Vesturlandi. Til skoðunar er að skipuleggja slíka ferð árið 2023. Framkvæmdastjóra var falið að leggja fram tillögu að fræðsluferð sem farin yrði snemma hausts 2023.

9. Fjarskiptamál

Framkvæmdastjóri kynnti að í gangi eru viðræður við ráðgjafa um að vinna úttekt á stöðu mála varðandi fjarskipti á Vesturlandi. Stjórn tók undir mikilvægi þess að farið yrði í slíka úttekt og hvatti til þess að verkefnið færi af stað sem fyrst.

10. Starfsmannamál

Lagt fram minnisblað um starfsmannamál hjá SSV. Ólafur Sveinsson mun láta af störfum sem atvinnuráðgjafi hjá SSV um ármót, en Ólafur varð 70 ára nýverið. Stjórn samþykkti drög að verktakasamningi við Ólaf sem mun sinna atvinnuráðgjöf í 20% starfshlutfalli í verktöku. Jafnframt var samþykkt að Vífill Karlsson hagfræðingur verði fagstjóri atvinnuráðgjafar SSV.

Loks samþykkti stjórn að fela formanni, framkvæmdastjóra og fagastjóra að vinna tillögu að starfslýsingu fyrir nýtt starf ráðgjafa sem verður lögð fyrir stjórn á næsta fundi.

11. Framlögð mál

- a. Fundargerðir frá landshlutasamtökum
- b. Fundargerð frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga
- c. Fundargerð frá fundi formanna og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka

Fundi slitið kl.15.20